

2. október kl. 8:30-12:00

Hvatning og starfsánægja – áhrif stjórnenda

Hvers vegna er starfsánægja mikilvæg? Á námskeiðinu er leitast við að varpa ljósi á hvað drífur starfsmenn áfram.

Fjallað er um áhrif gilda og menningar á starfsandann. Komið er inn á þá þætti sem stuðla að bættum starfsanda og það viðhorf sem er eftirsóknarvert.

Farið verður yfir ólíkar þarfir starfsmanna eftir mismunandi eiginleikum þeirra og hvaða kynslóð þeir tilheyra. Leitast verður við að greina hvað hægt sé að gera til að bæta starfsandann og hvað virkar síður. Sérstök áhersla er lögð á að skoða hvaða áhrif stjórnendur hafa á starfsmenn, upplifun þeirra og líðan.

Á námskeiðinu er fjallað um:

- Vinnustaðamenningu, gildi og stjórnunarstíl
- Áhrif hvatningar og innleiðingu aðferða til breytinga
- Væntingar starfsmanna til starfsins

Ávinningur þinn:

- Öðlast skilning á þörfum mismunandi starfsmanna
- Lærir um áhrif stjórnunar á starfsánægju
- Kynnist þeim aðferðum sem hægt er að grípa í til við að auka starfsánægju.

Fyrir hverja: Stjórnendur í fyrirtækjum

Leiðbeinandi: Kristinn Óskarsson

Kristinn er kennaramenntaður og hefur auk þess lokið MBA námi frá Háskóla Íslands. Kristinn er framkvæmdastjóri starfsmannasviðs hjá Securitas



Verð: kr. 9.900,- (kr. 4.950,- greitt úr Starfsmenntasjóðnum*)

Skráning: bjarnadis@atvinnurekendur.is

Tími: Fimmtudagurinn 2. október kl. 8:30 – 12:00 (boðið er upp á léttan morgunverð áður en að námskeiðið hefst)

Staður: Hús verslunarinnar, 9. hæð

****Þeir starfsmenn fyrirtækja sem eru í VR fá sjálfkrafa styrk úr Starfsmenntasjóði verslunarinnar þegar þeir sækja námskeið hjá Félagi atvinnurekenda ef stigaeign fyrirtækja er fyrir hendi.***